



Nefndasvið Alþingis  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 10. janúar 2023

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (stuðningur við einkarekna fjölmiðla), 543. mál**

Samtök atvinnulífsins, (SA, samtökin) vísa til tölvupósts allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 16. desember 2022 þar sem óskað var umsagnar samtakanna um ofangreint mál. Frumvarpinu er m.a. ætlað að framlengja gildistíma ákvæða um stuðning við einkarekna fjölmiðla sem féllu úr gildi 1. janúar 2023 og er markmiðið með framlengingunni að styðja með fyrirsjáanlegum hætti við einkarekna fjölmiðla.

Einkareknir fjölmiðlar eiga undir högg að sækja á Íslandi líkt og annarsstaðar. Að ríkisstyrkja þá til ákveðins tíma leysir ekki hinn undirliggjandi vanda. Skoða þarf aðrar leiðir og marka framtíðarstefnu stjórnvalda í málaflokknum. Mikilvægt er að bíða ekki eftir því hverju fram vindur í löggjöf hinna Norðurlandanna því slík töf mun draga enn frekar á langinn það óvissuástand sem nú ríkir. Íslensk stjórnvöld verða að taka skýra afstöðu til þess hvernig þau vilja sjá rekstrarumhverfi fjölmiðla hérlendis. Með þeim hætti verður fyrst hægt að tryggja fyrirsjáanleika.

Að mati SA skýtur það skökku við að ríkisvaldið telji sig knúið til að styðja við rekstur einkarekinna fjölmiðla á meðan Ríkisútvarpið stundar samkeppni á auglýsingamarkaði og kemur að miklu leyti í veg fyrir að einkareknir fjölmiðlar geti sjálfir tryggt rekstrargrundvöll sinn. Þar liggur stór hluti vandans. Það þarf að sama skapi að jafna samkeppnisstöðu íslenskra fjölmiðla við erlenda fjölmiðla, streymisveitur og samfélagsmiðla sem taka til sín sífellt stærri hluta af auglýsingatekjum. Ráðherra hefur þegar lýst yfir vilja til þess að jafna leikinn gagnvart innlendum fjölmiðlum þegar kemur að skattlagningu auglýsingatekna streymisveita og samfélagsmiðla sem hýst eru erlendis.

Að mati SA ætti að setja þessar aðgerðir í forgang áður en kerfi styrkja til einkarekinna fjölmiðla verður fest í sessi hérlendis.

**Virðingarfyllt,**

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir